



Fagraðstefna LOGS

Hellu 18. til 19. mars 2026

19. mars 2026 kl. 10:00 - Íslenskur burðarviður

Eiríkur Þorsteinsson
Hlynur Gauti Sigurðsson

Trétækniráðgjöf slf.
Skógræktarfélag Íslands

www.timbur.is
www.skog.is/vm



Sýningin **Skógurinn og við** Haldin í Perlunni 1995

- Markmiðið var að vekja áhuga almennings á því hvað er verið að vinna úr skóginum.
- Sýningin var liður í störfum viðarnýtingarnefndar sem var stofnuð 1993 af landbúnaðarráðherra.
- Sýndar voru iðnaðarvörur unnar úr skóginum.
- Ráðstefna með tilheyrandi fyrirlestrum.




Viðarmiðlunin í Fossvoginum

- Þann 7. júní 1996 opnaði **Davíð Oddsson** Viðarmiðlunina og gaf henni formlega nafnið „**Viðarmiðlun**“ sem menn segja að hann hafi fundið upp.
- Viðarmiðlunin var verslun með timburafurðir úr skóginum og hugmyndarverksmiðja.
- **BYKO** hóf samstarf við **Skógræktina** um grisjun og þróunarstarf 1997. Fyrsta efnið sem BYKO fékk úr grisjun fór í Tónlistarhús Kópavogs, **Salinn**.
- Gólf forstjórans í BYKO, Jóns Helga, var lagt með lerkistöfum frá Hallormsstað.
- BYKO útvegaði flettisög.
- BYKO kom upp sölu á íslensku timbri í einni af skemmum sínum í Breiddinni.



Hvað höfum við afrekað síðustu árin?

- Við höfum byggt hús úr ösp
- Við höfum byggt brú yfir Þjórsá
- Við höfum gert okkur þekkta af framleiðslu á klæðningu
- Við höfum búið til límtré



Nú ætlum við að byrja að framleiða burðarvið

- Aðferðarfræðin sem við ætlum að nota við vinnslu og sölu er nákvæmlega sú sama og er notuð á hinum Norðurlöndunum.
- Fyrirtækin á Norðurlöndum kallast **Småságarana**, og sem hafa um aldur og ævi sagað timbur fyrir byggingar.
- Til þess að geta þetta þurfum við eins og þeir að stofna félag, sem heldur utan um þekkingu og kynningu.
- NORDISKA FÖRBUNDET FÖR SMÅSKALIG TRÄPRODUKTION
- Norsk Bygdesagforening, sag.no
- Sahayrittäjät Ry, sahayrittajat.fi
- Sveriges Småsågares Riksförbund, <https://smasagarna.se>



Hvernig virkar þetta? Hver þarf þekkingin að vera?

- Fyrirtækin þurfa að hafa starfsmenn með þekkingu á timburflokkun.
- IÐAN fræðslusetur heldur utan um námsefni í að styrkflokka timbur
- Starfsmenn fyrirtækjanna fara á námskeiðið og að lokum þurfa þeir að taka verklegt próf í að flokka timbur.

24

Styrkflokkun á timbri skv. ÍST INSTA 142:2009



Þetta námskeið fyrir alla sem vinna með timbur og vilja læra að flokka það eftir styrkleika og velja í réttum gæðum.

Skráning

Verð fyrir félagsmenn
17.000 kr.

Verð
67.000 kr. ⓘ

Fyrirkomulag kennslu
Vefnámskeið

Námsmat
**Þátttakendur ljúka áhorfi á
kennslufyrirlestra og taka próf.**

Tengiliður
**Guðrún Hjaltalín Guðjónsdóttir -
gudrun@idan.is**



Hvernig virkar þetta?

Hver þarf þekkingin að vera?



Mæling meðaltals viðarraka í timbri með mótstöðumæli. Rafþræðirnir eru reknir ofan í timbrið í stefnu viðaræða.



- Fyrirtækin þurfa að sýna fram á það hvernig þau halda utan um framleiðsluna sína. Það gera þau með **framleiðsluhandbók** sem er skoðuð einu sinni á ári og einnig er kannað hvort þekkingin sé enn til staðar.
- **IDAN fræðslusetur** sér um þessa úttekt.
- Það sem hefur verið lýst hér að framan er samkvæmt staðlinum ÍST INSTA 142:2009.



Heimili Viðarmiðlunar er hjá Skógræktarfélagi Íslands

Vefsíða: skog.is/vm



SKÓGRÆKTARFÉLAG
ÍSLANDS

Um félagið - Starf - Skógræktarfélag

Styrkjal

Skráning pósthúsi





SKÓGRÆKTARFÉLAG
ÍSLANDS

[Tím félagið](#) - [Starfið](#) - [Skógræktarfélag](#)

[Styrkjar](#)

[Skýráning póðsluá](#)



Viðarmiðlun á Íslandi

Eftirfarandi fyrirtæki og félög hafa hlotið réttindi við mat og flokkun á hráviði eftir alþjóðlegum viðmiðum. Þau eru aðilar að Viðarmiðlun, sem er fagfélag í viðarvinnslu. (febrúar 2026)



Viðarmiðlun á Íslandi

Vesturland



Skógræktarfélag
Borgarfjarðar

Norðurland



Skógræktarfélag
Eyfirðinga

Höfuðborgarsvæðið



Skógræktarfélag
Reykjavíkur

Vesturland



Skógarafurðir
ehf.

Suðurland



Skógræktarfélag
Árnesinga



Silfrastaðir



Land og skógur-
Vagfir



Ilmur



Land og skógur-
Hallormsstað



Land og skógur-
Þjórsárdal

1. Íslenskt timbur fyrir íslenskan markað
2. Námskeið sem tryggir fagleg vinnubrögð –[lðan fræðslusetur](#)
3. Markaðssetning og sala er á herðum hverrar vinnslu fyrir sig

Aðdragandi Viðarmiðlunar er samstarf eftirfarandi stofnana:

Bændasamtök Íslands, búgreinadeild skógarbænda,

Land og skógur,

Skógræktarfélag Íslands,

Trétækniráðgjöf slf. ,

[lðan fræðasetur](#)



Land og skógur



BÆNDASAMTÖK
ÍSLANDS



Trétækniráðgjöf slf.



SKÓGRÆKTARFÉLAG
ÍSLANDS



lðAN
fræðslusetur

Hvernig virkar viðskiptamódelið?

Það er maður á mann viðskipti

- Þú átt boli og þú sagar þá og byggir hús fyrir þig.
- Ég á boli, fæ þig til að saga þá fyrir byggingu sem ég er að byggja.
- Jón á boli, selur mér þá og þú sagar þá í byggingu sem ég er að byggja.
- Þú átt skógarreit sem þarf að fella, Jón á græjur til að fella og fær boli upp í kostnaðinn. Gvendur kaupir bolina og lætur þig saga efni í byggingar sem Gísli er að byggja.
- Þú sagar ekki boli í burðarvið sem fara á **byggingavörumarkaði** né til **útflutnings** því þá þarf að **CE-merkja** efnið.
- **Þú þarft að hafa próf í flokkun á timbri og viðurkennda framleiðsluhandbók frá IÐUNNI til þess að geta gert þetta.**



Hvernig er
markaðurinn á
húsagerðum?

Hvað áhrif hefur þetta
á timburkaup á
burðarviði
